



Fornleifakönnun vegna ljósleiðara frá Vatnsfellsvirkjun að Akureyri



Bjarni F. Einarsson
September 2001

Forsíðumyndin sýnir hluta af áveitustokki í landi Gnúpufells (fornleifar nr. 3). Ljósleiðarinn fór í gegn þar sem áveitustokkurinn beygir t.h. Krosshólar í baksýn og Krosshóll neðst t.h. Horft til Gnúpufells (á bak við hólana). Ljós. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Fjarska ehf
Október 2001

Inngangur

Að beiðni Línuhönnunar hf, f.h. Fjarska ehf, kannaði Fornleifafræðistofan ljósleiðaralínu frá Vatnsfellsvirkjun að Akureyri. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð umhverfis hina fyrirhuguðu línu.

Farið var í gegnum heimildir á Minjasafni Akureyrar svo sem fornleifaskrár, örnefnaskrár og aðrar heimildir.

Öll línuleiðin var könnuð á vettvangi, nema þar sem hún liggur eftir Hóla- og Núpsfjalli í innanverðum Eyjafirði.

Vettvangsvinna hófst þann 14. júlí og var fram haldið með hléum til 31. ágúst síðastliðin. Línan var lögð framhjá öllum fornleifum í samráði við undirritaðan. Einstaka fornleifar voru skráðar sbr. meðfylgjandi fornleifaskrá.

Fornleifaskráning hefur þegar farið fram í mestöllum Eyjafirði, en upplýsingar um Sölvadal lágu ekki fyrir þegar vettvangsvinna fór fram og upplýsingar um fornleifar í landi Gnúpufells ekki heldur. Hægt var að sneiða frá öllum fornleifum, nema áveitustokki (mynd 1) í landi Gnúpufells og Grásteinsgarði (mynd 2) í landi Munkaþverár. Einnig var einsýnt að fara þyrfti í gegnum áveitugarð í landi Munkaþverár sem ekki var skráður í gögnum Minjasafnsins. Sótt var um leyfi Þjóðminjavarðar til að leggja ljósleiðarann í gegnum þessi mannvirki og fékkst leyfi til að gera það (dags. 15. ágúst 2001). Í skilmálum leyfisins segir: „Við framkvæmd þessa skal þess gætt að sem minnst rask verði á ofangreindum minjum og að gengið verði frá raski sem af verkinu hlýst þannig að ekki sé til lýta á ofangreindum minjum. Verkið ber að gera undir eftirliti fornleifafræðings.“

Fulltrúi verkkaupa var Sigmundur Snorrason hjá Línuhönnun hf. Ýmsar upplýsingar veittu ábúendur á Gnúpufelli og Munkaþverá og forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri var undirrituðum innan handar. Kann ég þessum aðilum kærar þakkar fyrir aðstoðina.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru nokkrar friðlýstar fornleifar, en engin þeirra er í næsta nágrenni við ljósleiðarann eða í hættu vegna hans. Þessar friðlýstu fornleifar eru hússtæði prenthúss frá 16. öld við Gnúpufell og rústir eyðibýlisins Víðiness í landi Öxnafells. Ekki fundust rústir Víðiness við vettvangkönnun, en býlið á að hafa verið sunnan Arnarhóls, (Fornleifaskrá 1990:49 - 50), sem sagður er vera haugur í Sýslu- og sóknarlýsingum (1972:194-95). Um Víðines segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins: „*Vydernes heitir hjáleigunefna suður og niður frá hinu kotinu [Auxnafellskot, skammt suður af heimatúni Öxnafells], hefur í eyði legið hjer um 20 ár, og so áður köflum saman. Landskuld xxx álnir í landaurum til heimabóndans [Á Öxnafelli], en xl álnir þegar hann ljeði dagsláttu af heimavelli. Leigukúgildi i. Leigan í smjöri til heimabóndans. Kvaðir öngvar.*

Fóðrast kunni i úngneyt(i) auk heimadagsláttunnar. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er mestan part yfirfallið af sandi.“ (1943:280-81). Skv. Kaalund var bærinn vestar og neðar í hlíðinni en Öxnafell (Kaalund 1879-82:120).

Skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru fimm staðir með fimm fornleifum skráðir í tengslum við vettvangskönnunina, einn á hálendinu og fjórir í Saurbæjarhreppi. Allir eru þeir taldir vera frá 1550 – 1900. Hugsanlega eru fornleifarnar í landi Gnúpufells þegar skráðar, en upplýsingar um það lágu ekki fyrir eins og að framan greinir. Til öryggis þótti rétt að skrá þá nú. Garður, sem farið var í gegn um í landi Munkaþverár, er talinn of ungur til að njóta friðunar. Hann var því ekki skráður nú (fleiri eins garðar á svæðinu).

Nr.	Tegund	Fj	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótvægisáðg.
<i>Hálendið</i>									
1:1	Varða	1	Landeyðing	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Línu breytt
<i>Eyjafjarðarsýsla, Saurbæjarhreppur</i>									
1:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Engar
2:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Engar
3:1	Áveitustokkur	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Leyfi og frágangur
4:1	Beitarhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Engar

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.



Mynd 1. Áveitustokkurinn eftir að ljósleiðarinn (lóðrétt lína) hefur verið lagður í gegn. Hann fór í gegn þar sem stokkurinn var lægstur og ógreinilegastur.



Mynd 2. Grásteinsgarður eftir að ljósleiðari hefur verið lagður í gegnum hann.

Tveir staðir teljast hafa talsvert minjagildi, báðir í ágætu ástandi og þar af var áveitustokkur sem ekki var hægt að komast hjá. Aðrir staðir höfðu lítið minjagildi og voru allir í lélegu ástandi (allt vörður).

Sótt var um leyfi til að leggja ljósleiðarann í gegnum áveitustokkinn og fékkst það.

Á leið ljósleiðarans um áreyrar Eyjafjarðarár voru all margar skráðar fornleifar. Var sneytt hjá þeim öllum, nema svokölluðum Grásteinsgarði í landi Munkaþverár og áður óskráðs áveitugarðs í sama landi. Um aldur Grásteinsgarðs verður ekki sagt með vissu annað en að hann virðist hafa verið endurgerður með stórvirkum vélum í seinni tíð. Áveitugarðurinn mun hafa verið gerður í lok 20. aldar.

Sótt var um leyfi til að leggja ljósleiðarann í gegnum þessi mannvirki og fékkst það.

Niðurstaða

Alls voru skráðir fimm staðir með fimm fornleifum í tengslum við ljósleiðaralögnina. Mun fleiri staðir voru skoðaðir og línar lögð með tilliti til þeirra. Aðeins þurfti að raska þremur mannvirkjum með leyfi Þjóðminjavarðar. Þessar fornleifar voru: Áveitustokkur í landi Gnúpufells frá því um 1880, áveitugarður frá svipuðum tíma og Grásteinsgarður sem ekki er vitað um aldurinn á, báðir í landi Munkaþverár. Allt benti til þess að garðurinn hafi verið endurgerður með stórvirkum vélum í seinni tíð.

Mannvirkin sem farið var í gegnum voru könnuð eftir raskið til að ganga úr skugga um að skilmálar hefðu verið uppfylltir. Eru engar frekari athugasemdir gerðar við raskið.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

- Fornleifaskrá Eyjafjarðar V. Fornleifastofnun Íslands. Handrit. Akureyri 1996.
- Drög að söguminjaskrá (þjóðminjaskrá) Eyjafjarðar. Skráin er tekin saman af starfsmönnum Náttúrugripasafnsins á Akureyri á árunum 1978 – 1985. Afrit á Minjasafninu á Akureyri. Handrit. Akureyri 1987.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Tíunda bindi. Eyjafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.
- Kaalund, K. *Bidrag til en historisk- topografisk Beskrivelse af Island*. Nord- og Øst-Fjærdingerne. København 1879 – 82.
- Sýslu- og sóknarlýsingar* Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1854. Eyjafjarðarsýsla. Akureyri 1972.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Eyjafjarðarsýsla	Saurbæjarhreppur	6512		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Gnúpufell		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.8.2001	N 64°26.23 W 018°10.93		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Vatnsfellv. 2001	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Efst á lágu melhól í skriðum niður af Gnúpufelli er Rasshólar heita. Ca. 80 m N af malarvegi. Melur.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1 x 1,6 m (A - V). Úr grjóti, 0,2 m há. Grjótið í vörðunni er smátt og er hún fallin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus 820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Eyjafjarðarsýsla	Saurbæjarhreppur	6512		2
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Gnúpufell		-	1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.8.2001	N 64°26.37 W 018°11.26		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða							Vatnsfellv. 2001	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?			Friðlýst?	Hvenær
Lítið				Nei			Nei	

Lega og staðhættir

Á lágum melhól í skriðunum fyrir neðan Gnúpufell (Rasshólum). Á milli tveggja stærri hóla (Rasshóll vestan megin). Melur.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1,6 x 2 m (A - V). Úr grjóti, 0,2 m há. Varðan er fallin.

Áveita nr. 4 liggur ca. 25 m SA af vörðunni.

Munnmæli herma að í Rasshólum hafi fundist mannabein fyrr á öldum. Líklega mun það hafa verið í Rasshól.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus 820L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Eyjafjarðarsýsla	Saurbæjarhreppur	6512		3
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Gnúpufell		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.8.2001	N 64°26.52 W 018°10.77		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Áveita		Vatnsfellv. 2001	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Áveitan liggur frá Gnúpá að bænum Gnúpufelli. Hún liggur að mestu við rætur Rasshóla, en stingur sér einu sinni á milli hólanna. Melur og gróinn sandur.

Heimildir og munnmæli

Ingibjörg Bjarnadóttir, húsfreyja á Gnúpufelli.

Lýsing

Áveita.

Veitan er grafin niður í jörðina og hlaðnir garðar sín hvoru megin. Hún er ca. 0,3 - 1 m djúp og ca. 0,8 - 2 m breið. Dýpst er hún við Gnúpána, en þar hefur þurft að grafa í gegnum malarkamb. Áin hefur flutt sig til norðurs og er nú dálítið frá veitunni. Hún virðist tvöföld á austasta kaflanum, en syðri skorningurinn er reiðgata sem er stutt. Eru ca. 25 m á milli þar sem veitan endar. Reiðgatan beygir fyrir malarásinn og liggur með Núpsánni á kafla.

Vatnsveitan mun hafa verið byggð af ábúenda Gnúpufells um 1880. Sá sem byggði veituna flutti svo til Vesturheims.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus 820L

Athugasemdir

GPS var mælt við A - enda veitunnar, eða þar sem hún hverfur í gamlan farveg Gnúpár.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Eyjafjarðarsýsla	Saurbæjarhreppur	6512		4
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Seljahlíð		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	11.8.2001	N 64°25.91 W 018°10.37		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Beitarhús		Vatnsfellv. 2001	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Norðaustan í lágum melhól, ca 10 m vestur af malarvegi. Ca. 20 m SA af rústinni er stór og áberandi steinn vestan við veginn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Beitarhús.

7 x 16 m (A - V). Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Tvö hólfr eru á rústinni og eru dyr á því eystra trúlega til A. Rústin er vel gróin. Við suður langvegg stendur stór steinn fast upp við vegginn.

Hugsanlega hefur beitarhús þetta tilheyrt eyðibýlinu Steinkoti, sem liggur austur af rústinni, í hvilft við árbakka Núpár.

Á efri mynd sést steinninn við veginn, rústin er á bak við hann.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus 820L

Athugasemdir

Svæðið hefur verið kannað af Fornleifastofnun Íslands og skýrslu er að vænta. Hús þetta er væntanlega skráð þar.